

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um málefni heilabílaðra.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hafa margir heilabílaðir einstaklingar verið á biðlista eftir viðeigandi dvalarrými, skipt eftir árum frá árinu 2000?
2. Hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana til að stytta biðlistana? Ef svo er, til hvaða ráðstafana?
3. Hvaða stuðningur stendur til boða þeim aðstandendum sem annast heilabílaða í heimahúsum?
4. Hefur verið metið hver áhrif ónógt dvalarrými hefur á atvinnuþátttöku og heilsufar aðstandenda sem annast heilabílaða í heimahúsum?